

30 október 2024

Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um drög að ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem hefur átt sér stað við stefnuna. Á kynningu um stefnuna 23. október sl. kom skýrt fram að talsverð vinna er fyrir höndum bæði í Miðborg og Hlíðum varðandi LED-væðingu. Þar kom jafnframt fram að fyrirhugað fjármagn vegna þess verkefnis fyrir árið 2025 væri 0 kr., en sparnaður vegna orkukostnaðar myndi vinna upp kostnað vegna framkvæmda á 5-6 árum. Íbúaráðið hvetur eindregið til þess að verkefninu verði fram haldið í Miðborg og Hlíðum.